

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 345/2021

2024/EES/23/25

frá 10. desember 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/903 frá 3. júní 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB að því er varðar tiltekin viðmiðunarmörk fyrir anilín í tilteknum leikföngum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB) í XXIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32021 L 0903:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/903 frá 3. júní 2021 (Stjtið. ESB L 197, 4.6.2021, bls. 110).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2021/903, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 197, 4.6.2021, bls. 110.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.